

Reglur um miðvikudagsmótaröð Kjötbankans

Mótaröðin samanstendur af 10 stökum mótum sem haldin eru á tímabilinu 1. júní til 1. september. Mótin skulu að jafnaði vera á miðvikudögum. Ef ekki tekst að halda 10 mót á tímabilinu s.s. vegna veðurs eða samkomutakmarkana má lengja tímabil um eina viku eða fækka mótum í röðinni og þ.a.l. þeim mótum sem telja til stiga.

Stök mót:

Í hverju stöku móti er keppt í tveimur flokkum: punktakeppni með forgjöf konur, punktakeppni með forgjöf karla. Hámarksforgjöf er 36 í báðum flokkum. Ef færri en 3 keppendur eru af öðru hvoru kyni eru karla og kvennaflokkar sameinaðir.

Veitt eru verðlaun frá Kjötbankanum fyrir sigurvegara hvors flokks í hverju móti raðarinnar. Ef tveir eða fleiri keppendur eru jafnir í efsta sæti í punktakeppni með forgjöf gildir röð keppenda samkvæmt niðurstöðu reikniforrits GSÍ sem notað er við úrvinnslu punktamóta með forgjöf.

Árangur á mótaröðinni:

Veitt eru verðlaun fyrir besta árangur samanlagt í sömu flokkum og á stökum mótum raðarinnar með forgjöf. Talin eru 6 bestu mót keppanda. Ef ekki tekst að halda nema 8 eða 9 mót, þá telja 5 bestu. Ef mót verða 7 eða færri verða ekki veitt verðlaun fyrir samanlagðan árangur. Þeir vinningar sem eftir standa óúthlutaðir eftir sumarið verða dregnir út, leikmaður fær einn miða í pottinn fyrir hvert mót sem hann tekur þátt í. Ef tveir eða fleiri keppendur eru jafnir í punktakeppni með og án forgjafar vinnur sá/sú sem hefur unnið fleiri mót. Ef enn er jafnt gildir hærri meðaltals árangur úr öllum Kjötbanka-mótum sem viðkomandi hefur tekið þátt í. Ef enn er jafnt er varpað hlutkesti.

Veitt eru ein verðlaun fyrir bestan samanlagðan árangur í punktaleik án forgjafar eftir röðina óháð kyni.

Besta hola: HÖGGLEIKUR MEÐ FORGJÖF. Eftir hvert mót getur keppandi valið að skrá 1, 2, 3 eða 4 holur sem „besta hola“. Keppandi þarf að taka þátt í minnst í fimm mótum til að ná að skrá skor á 18 holur. Keppandi merkir á kortið sem staðsett er í sal klúbbhússins. Ekki er leyfilegt að breyta vali á „bestu holu“ eftir að móti hefur verið lokað í kerfi GSÍ eða eftir að leikmaður hefur skráð holur á kortið. Rétt er að árétta að 1 hola er 1 hola og 10 hola er 10 hola o.s.frv. Sem þýðir að óheimilt er að skrá skor á 1 holu sem skor á 10 holu á skorkortið „Besta hola“.

Mótanefnd áskilur sér rétt til að breyta fyrirkomulagi mótaraðarinnar ef þurfa þykir..
Reglur þessar voru settar af mótanefnd árið 2022.

Mótsgjald 2022

GSS félagar kr. 2000.- stakt mót. Afsláttarkort kr. 17.500 (tíu mót).

Gestir greiða vallargjald samkvæmt gjaldskrá GSS.

Verðlaun 2022

Stök mót: Gjafabréf að verðmæti kr. 10.000 í hvorum flokki.

Kjötbanka meistari mótaraðarinnar með forgj. karla og kvenna fær gjafabréf að verðmæti kr. 25.000.

Kjötbanka meistari mótaraðarinnar án forgjafar óháð kyni fær gjafabréf að verðmæti kr. 25.000.

Besti holu meistari Kjötbanka mótaraðarinnar fær gjafabréf að verðmæti kr. 25.000.